

Ár 2025, þriðjudaginn 20. maí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Tönju Tómasdóttur, dómara.

Fyrir er tekið: Mál nr. 5/2025

Hugi Halldórsson (Karatefélag Reykjavíkur)

gegn

Karatesambandi Íslands

Gögn málsins liggja frammi. Málið er skriflega flutt.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

Mál var höfðað með kæru sem móttækin var 21. mars 2025. Kærandi er Karatefélag Reykjavíkur fyrir hönd Huga Halldórssonar og kærði er Karatesamband Íslands (KAÍ). Kærði skilaði greinargerð til dómstólsins ásamt fylgigögnum þann 6. apríl sl. auk þess sem kæranda var gefinn kostur á að leggja fram frekari sjónarmið sem bárust 14. apríl sl. Kærða var að lokum gefinn kostur á að koma með athugasemdir sem bárust 23. apríl sl. og var málið í kjölfarið dómtekið.

Málatilbúnaður kæranda.

Kærandi leggur fram kæru á hendur Karatesambandi Íslands (kærða) vegna ólögmætrar málsmeðferðar og ákvörðunar sem aganefnd Karatesambands Íslands tók gagnvart kæranda. Kæran byggir á því að málsmeðferðin hafi verið í andstöðu við grundvallarreglur réttlátrar málsmeðferðar og að ákvörðunin teljist einstaklega íþyngjandi og hafi alvarlegar afleiðingar fyrir kæranda sem er meðal fremstu íþróttamanna í sinni grein á heimssvísu.

Kærandi var skv. úrskurði aganefndar aganefndar KAÍ þann 13. mars 2025 dæmdur í árs keppnisbann og útlökun frá öllum hlutverkum og viðburðum sem haldnir eru á vegum eða í tengslum við Karatesamband Íslands. Að mati kæranda er ákvörðunin óvenjulega þung og eigi sér enga hliðstæðu. Að sögn kæranda er ákvörðunin tekin án þess að kæranda hafi verið veittur andmælaréttur eða honum gefið færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Slíkt brjóti í bága við grunnreglur réttlátrar málsmeðferðar og góða stjórnsýsluhætti. Kærandi byggir á því að skv. reglum ÍSÍ um aga- og úrskurðarmál beri aðila, sem sætir ákæru eða kæru, réttur til að fá að tjá sig áður en ákvörðun er tekin.

Þá byggir kærandi á því að honum hafi ekki verið birtur úrskurður fyrr en hann hafi verið birtur á heimasíðu Karatesambands Íslands þann 21. mars sl. Þá hafi Karatesamband Íslands ekki birt nein fundargögn eða veitt útskýringu á því hvers vegna honum hafi ekki verið gefið tækifæri til að svara fyrir sig.

Kærandi telur að ekki sé veitt heimild í reglum sérsambandsins að blanda saman refsingu fyrir þjálfarastarf og refsingu sem keppanda. Eigi að refsa einstaklingi fyrir brot tengdum þjálfun eða stöðu sem þjálfara eigi refsingin að taka mið af stöðu hans sem þjálfara. Eigi að refsa keppanda verði það að sama skapi að vera vegna brota sem tengjast keppni sem hann er skráður í eða keppnisreglum. Þar sem engar reglur heimili að agaviðurlög sem beita megi þjálfara sé hægt að beita keppanda verði að gæta meðalhólfis og túlka allar reglur keppanda í hag. Kærandi byggir einnig á því að lengd banns sé byggt á broti í hlutverki hans sem þjálfara og sögusögnum um meint brot í erlendri keppni en ekki liggi fyrir nein viðurlög eða athugasemdir af hálfu keppnishalda erlendis vegna þess meinta brots.

Dómkröfur kæranda eru eftirfarandi:

1. Að ákvörðun aganefndar Karatesambands Íslands verði tafarlaust felld úr gildi.
2. Að sérsambandið veiti formlega og réttláta málsmeðferð, ef talin er þörf á endurupptöku málsins. Sú málsmeðferð verður að vera veitt af óháðum einstaklingum sem ekki hafa komið að málinu áður.
3. Að málið verði tekið fyrir þrátt fyrir að úrskurður aganefndar er frá 13. mars sl. þar sem fyrsta birting úrskurðar aganefndar er á heimasíðu Karatesambands Íslands frá 21. mars 2025. Óskað

er að litið verði svo á að kærufrestur hafi ekki byrjað að líða fyrr en 21. mars 2025 sökum ófullnægjandi birtingar.

Málatilbúnaður kærða.

Í greinargerð kærða er það atvik sem átti sér stað 8. mars 2025 rakið og vísað til þess að kærandi sé talinn hafa brotið gegn 9. kafla keppnisreglna WKF í Kumite, nánar tiltekið gr. 9.1.2-9.1.4. Brotinu er lýst með vísan í videoupptöku sem fyrir liggur í málinu. Rakin er tímalína og vísað í tvö önnur atvik sem skv. greinargerðinni áttu sér stað 7. maí 2024 og nóvember 2024. Í gögnum málsins liggur fyrir að vegna atviksins þann 7. maí 2024 hafi kærandi hlotið áminningu en ekki hafi verið sérstaklega fjallað um atvikið í nóvember af aganefnd KAÍ en það hafi engu að síður verið haft til hliðsjónar við ákvörðun aganefndar.

Aganefnd KAÍ byggir á því að málsmeðferð hafi verið í samræmi við gildandi verklagsreglur. Í gögnum málsins kemur eftirfarandi fram varðandi málsmeðferðina af hálfu KAÍ:

1. „Í 2. gr. agareglna KAÍ er skýrt kveðið á um að aganefnd taki ákvarðanir um agabrot á grundvelli skýrslna dómara, mótsstjórnar eða annarra sem til þess hafa heimild. Í þessu máli lágu fyrir skýrslur dómara og myndbandsupptökur sem sýndu ótvírætt brot á reglum 9.1.2, 9.1.3 og 9.1.4 í keppnisreglum WKF.
2. Varðandi andmælarétt bendir KAÍ á að brotið var staðfest á staðnum af dómara mótsins með "Shikkaku" refsingu, sem Hugi hlaut fyrir að hafa í reiði hrint um koll þjálfaraboxi og sýnt dómara ógnandi framkomu. Dómarinn metur brot og viðurlög á keppnisstað í samræmi við reglur WKF, og slíkur úrskurður er fullnægjandi grundvöllur fyrir ákvörðun aganefndar.
3. Rétt er að Hugi var í hlutverki þjálfara þegar atvikið átti sér stað, en í 4. gr. agareglna KAÍ er skýrt kveðið á um að aganefnd fjalli um agabrot iðkenda, forystumanna félaga og annarra sem taka þátt í starfi á vegum KAÍ, sem nær yfir þjálfara.

Að því er varðar lengd keppnisbannsins segir ennfreður:

“KAÍ bendir á að í 8. gr. agareglna KAÍ er heimild til að beita keppnisbanni um ákveðinn tíma og að við ítrekuð brot megi bann vara lengri tíma. Í þessu tilviki var tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Þetta var ekki fyrsta brot Huga Halldórssonar. Áminning frá 7. maí 2024 var veitt vegna slæmrar/óviðeigandi framkomu í hlutverki þjálfara/liðstjóra.
2. Atvik þann 8. mars 2025 var alvarlegt brot á grundvallarreglum um háttvísi og virðingu í íþróttinni, sem eru hornsteinar karate íþróttarinnar.
3. Samkvæmt 8. gr. agareglna KAÍ er heimilt að beita agaviðurlögum vegna brota gegn reglum sambandsins, sem felur í sér bæði keppnisreglur (þ.m.t. reglur um þjálfara) og siðareglur.”

Forsendur og niðurstöður

Í úrskurði aganefndar, dags. 13. mars 2025 er Hugi Halldórsson dæmdur í eins árs bann vegna ítrekaðs agabrots. Aganefndin byggir úrskurð sinn á skýrslu dómaranefndar og myndbandsupptöku frá móti þann 8. mars sl. Á mótinu var Hugi staddur sem liðstjóri og var vísað úr húsi vegna óíþróttamannslegrar framkomu og orðaskipta við dómara. Hugi hafði áður fengið áminningu vegna hegðunar á móti þann 4. maí 2024 þar sem honum var gefið færi á að bæta ráð sitt ella gæti hann hlotið allt að 1 árs bann eða lengur frá viðburðum Karatesambands Íslands.

Kærandi hefur eins og áður segir vísað þessum úrskurði til dómstólsins þótt í reglum aganefndar KAÍ sé kveðið á um að úrskurður aganefndar KAÍ verði ekki áfrýjað nema um leikbann sé að ræða sem er lengra en 1 ár, sbr. 5. gr. reglnanna. Það hefur hins vegar verið litið svo á að dómstóll ÍSÍ geti ógilt ákvarðanir aganefnda, ef þeim er verulega áfátt að formi eða efni, sbr. dóm áfrýjunardómstóls ÍSÍ í máli nr. 2/2021.

Þegar litið er til þeirra forsenda sem liggja að baki ákvörðun aganefndar er það mat dómstólsins að ákveðinn óskýrleiki sé fyrir hendi. Til umfjöllunar hjá aganefnd er háttsemi sem átti sér stað þegar Hugi var í hlutverki þjálfara eða liðs stjóra. Í úrskurði er vísað til áminningar sem Hugi hafði áður fengið en ekki kemur fram hvaða hlutverki hann gegndi umrætt sinn. Enn fremur er ákvörðuninni til stuðnings vísað til meints atviks á Smáþjóðamóti í Mónakó án þess að tilgreint sé með nákvæmum hætti hvað átti sér stað eða hvaða hlutverki Hugi gegndi. Þrátt fyrir að 6. gr. reglna um aganefnd KAÍ gefi nefndinni

svigrúm til að ákveða hvort munnlegur málflutningur fari fram verður ekki litið fram hjá því að málið sé þess eðlis að eðlilegt og rétt hafi verið að gefa Huga færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og skýra mál sitt.

Þessi óskýrleiki leiðir til þess að ekki er hafið yfir vafa í hvaða hlutverki Hugi er þegar atvik þau, sem liggja til grundvallar úrskurði agnefndar, áttu sér stað. Í 4. gr. reglna um aganefnd segir: „Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.“ Um er að ræða tæmandi talningu þeirra aðila sem úrskurðir aganefndar geta fjallað um. Í greinargerð KAÍ sem fyrir liggur í málinu er því haldið fram að í 4. gr. sé skýrt kveðið um að aganefnd fjalli um agabrot iðkenda, forystumanna félaga og annarra sem taka þátt í starfi á vegum KAÍ, sem nái yfir þjálfara. Það er álit dómsins að orðalag 4. gr. sé ekki með þeim hætti að valdheimildir aganefndar nái yfir aðra þá sem taka þátt í starfi á vegum KAÍ, þ.m.t. þjálfara

Eins og áður hefur verið fjallað um er ekki skýrt hvaða hlutverki Hugi gegndi í þeim atvikum sem liggja til grundvallar ákvörðun aganefndar. Sé byggt á að refska þjálfara er það mat dómstólsins að aganefnd skorti valdheimildir til að refska kæranda fyrir brot sín.

Með vísan til alls þessa er það mat dómstólsins að galli sé á meðferð málsins fyrir aganefnd KAÍ, þar sem óskýrleiki er í forsendum ákvörðunarinnar og Huga var ekki veittur andmælaréttur og því óhjákvæmilegt að ógilda ákvörðun aganefndar. Komi til þess að kæra berist frá kærða til dómstóls ÍSí, skv. 4. kafla laga ÍSí, verður málið tekið fyrir á þeim vettvangi að uppfylltum kærufresti.

Úrskurðarorð:

Úrskurður aganefndar Karatesambands Íslands, þann 13. mars 2025, þar sem Hugi Halldórsson er úrskurðaður í árs keppnisbann og útilokun frá öllum hlutverkum og viðburðum sem haldnir eru á vegum eða í tengslum við Karatesamband Íslands, er ógiltur og málinu vísað heim.



Tanja Tómasdóttir

Um málsskotsheimild:

Samkvæmt gr. 35.3 í lögum ÍSí er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn